

Miðvikudagurinn 8. júlí 1998 kl. 9:00

114. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 25/1998

**Staðfesting á bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar
nr. 2/1998 frá 1. júlí 1998.
Sjónvarpsauglýsing Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf.
á Egils Orku**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 23. júní 1998, frá Jóhannesi R. Jóhannssyni hdl. sem fyrir hönd Sólar-Víking hf. kvartar yfir sjónvarpsauglýsingu á Egils Orku.

Í erindinu kemur fram að Sól-Víking er innflytjandi orkudrykkjarins Magic sem náð hefur markaðsfestu hér á landi undanfarin ár. Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. hefur nýlega hafið framleiðslu orkudrykkjar sem hlotið hefur nafnið Orka. Sól-Víking telur að sjónvarpsauglýsing Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar á Orku brjóti í bága við ákvæði 20. og 21. gr. samkeppnislaga þar sem uppbygging og form auglýsingarinnar sé það sama og í auglýsingu á Magic. Óskar Sól-Víking eftir að auglýsingin á Orku verði bönnuð. Um samanburð á auglýsingunum segir í erindinu:

„Í upphafi auglýsingarinnar [á Magic] sést í botn þriggja dósa sem liggja út af (tveggja dósa og einnar flösku í auglýsingu Ölgerðarinnar), miðdósinn (flaskan) er síðan reist við og sést þá framan á dósina (flöskuna), þ.m.t. nafn drykkjarins. Þegar við bætist að um drykk er að ræða, sem bersýnilega er ætlað að höfða til neytenda Magic-drykkjar umbjóðanda míns, má ljóst vera að markmiðið með auglýsingunni er að villa um fyrir neytendum og hagnýta sér þá viðskiptavild sem fyrrnefnd auglýsing umbjóðanda míns hefur veitt honum.

Með vísan til framanritaðs er á því byggt að nefnd auglýsing Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. teljist brot gegn tilvitnuðum ákvæðum

samkeppnislaga, þar sem hún brýtur í bága við góða viðskiptahætti, form hennar og efni er til þess fallið að villa um fyrir neytendum, auk þess sem auglýsingin brýtur í bága við réttindi umbjóðanda míns og þeirrar auglýsingastofu sem hann skiptir við varðandi form og framsetningu auglýsingar hans. Auglýsingin telst þar með ósanngjörn í garð umbjóðanda míns.“

II.

Málsmeðferð

1.

Sama dag og erindi Sólar-Víking barst Samkeppnisstofnun var það sent Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni til umsagnar og barst svar fyrirtækisins dags. 26. júní sl. Í svarinu segir m.a.:

„Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. telur ekki að auglýsing fyrirtækisins á „Egils Orku“ brjóti í bága við ákvæði 20. og 21. gr. samkeppnislaga. Auglýsing Ölgerðarinnar um „Egils Orku“ fari ekki í bága við þá auglýsingahætti, sem tíðkaðir eru á drykkjarvörumarkaði, eins og nánar verður vikið að hér síðar í bréfinu og er þess vegna ekki ósanngjörn gagnvart samkeppnisaðilum. Ekkert í umræddri auglýsingu er óhæfilegt gagnvart neytendum og á því 20. gr. samkeppnislaga ekki við í þessu tilviki.

Í 21. gr. samkeppnislaga er annars vegar fjallað um að óheimilt er að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum. Engu slíku er til að dreifa í auglýsingu Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar um „Egils Orku“. Í 2. mgr. 21. gr. samkeppnislaga er hins vegar lagt bann við því að auglýsingar séu ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra. Í þessu tilviki er um að ræða vöruumbúðir, sem eru gjörólíkar að lit, lögun og stærð, svo ekki sé talað um nöfn drykkjanna og því ekki verið að villa um fyrir neytendum.

Í þeirri gífurlegu samkeppni, sem ríkir á drykkjavörumarkaði þá verður oft að beita mjög svipuðum áherslum í kynningum og auglýsingum á skyldum vörum... Þannig verða auglýsingar, kynningar, leikir og vinningar þar mjög svipaðir, eðli málsins samkvæmt, án þess þó að verið sé að villa um fyrir neytendum eða hagnýta sér einhverja viðskiptavild, sem keppinautur kann að hafa.“

2.

Svar Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar var sent Sól-Víking til umsagnar. Í svari lögmanns fyrirtækisins, dags. 29. júní sl., segir m.a.:

„...má ljóst vera, að afar brýnt er að Samkeppnisstofnun/samkeppnisráð grípi hið fyrsta inn í og stöðvi hina ólögætu háttsemi Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf., enda er um að ræða óeðlilega viðskiptahætti sem raska gróflega hagsmunum umbjóðanda míns og annarra og brjóta mjög greinilega í bága við ákvæði samkeppnislaga og hugsanlega aðrar reglur, lögfestar eða ólögfestar.

Með vísan til framanritaðs er áréttuð sú krafa umbjóðanda míns, að Samkeppnisstofnun/samkeppnisráð banni nú þegar, að viðlögðum dagsektum birtingu nefndrar auglýsingar Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf., sbr. 51. gr. samkeppnislaga.“

3.

Þann 30. júní 1998 sendi Samkeppnisstofnun Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni athugasemdir Sól-Víking og niðurstöðu auglýsinganefndar. Þá var óskað eftir sjónarmiðum fyrirtækisins áður en Samkeppnisstofnun tæki ákvörðun um hvort lagt yrði bráðabirgðabann við sjónvarpsauglýsingu á Orku sbr. 8. gr. samkeppnislaga.

Í svari Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar, dags. 1. júlí 1998, segir m.a.:

„Ölgerðin hyggst ekkert aðhafast frekar í þessu máli varðandi auglýsingu fyrirtækisins um „Egils Orku“ og mun hlíta eðlilegri ákvörðun Samkeppnisstofnunar í þessu máli, þegar hún liggur fyrir.“

III.

Niðurstöður

1.

Erindi Sól-Víking var til umfjöllunar á fundi auglýsinganefndar þann 30. júní sl. Farið var yfir gögn málsins og auglýsingarnar skoðaðar. Í fundargerð nefndarinnar segir:

„Niðurstaða nefndarinnar er að kvartandi hafi sýnt fram á að sjónvarpsauglýsing Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. á Egils Orku sé eftirgerð sjónvarpsauglýsingar á orkudrykknum Magic. Eftir að hafa kynnt sér báðar auglýsingarnar er nefndin sammála álitum kvartanda. Auglýsinganefnd telur að eftirgerð auglýsingar keppinautar brjóti í bága við góða viðskiptahætti og sé jafnframt ósanngjörn gagnvart honum. Með vísan til 51. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 20. og 21. gr. sömu laga, leggur auglýsinganefnd til við Samkeppnisstofnun að lagt verði bráðabirgðabann við sjónvarpsauglýsingu á Egils Orku sbr. heimild í 8. gr. samkeppnislaga.“

2.

Samkeppnisstofnun telur að sýnt hafi verið fram á með fullnægjandi hætti að sjónvarpsauglýsing Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar á drykknum Orku sé eftirgerð sjónvarpsauglýsingar á orkudrykknum Magic.

Þessu til stuðnings bendir Samkeppnisstofnun á að báðar byrja auglýsingarnar á því að sýna botn þriggja íláta á hvítum grunni. Í frumgerðinni er um að ræða þrjár dósir en í eftirgerðinni hefur miðdósinni verið skipt út fyrir flösku af Orku. Í báðum auglýsingunum ris miðilátið síðan upp og sést þá nafn drykkjarins.

Í 20. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 segir:

„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“

Í athugasemdum með frumvarpi til samkeppnislaga segir um þessa grein laganna:

„Það er einmitt eitt mikilvægasta hlutverk samkeppnisráðs, jafnt og dómstóla, að leggja á það sjálfstætt mat hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki.“

Við mat á því hvað teljist góðir viðskiptahættir og hvað ekki er í þessu tilviki rétt að líta til siðareglna Alþjóðaverslunarráðsins um auglýsingar en þeim er m.a. ætlað að vera til viðmiðunar fyrir dómstóla við lögskýringar.

Þar segir í 1. mgr. 10. gr. um eftirlíkingar:

„Við gerð auglýsingar skal ekki stæla uppsetningu („layout“), texta, mynd, tónlistar- eða hljóðnotkun annarrar auglýsingar, né líkja eftir henni á annan hátt sem sennilegt er að villi um fyrir neytendum.“

Með vísan til framangreinds telur Samkeppnisstofnun að eftirgerð auglýsingar keppinautar samræmist ekki góðum viðskiptaháttum sbr. 20. gr. samkeppnislaga.

Þá segir í 2. mgr. 21. gr. samkeppnislaga:

„Auglýsingar og aðrar viðskiptaaðferðir skulu ekki vera ósanngjarnar gagnvart keppinautum eða neytendum vegna forms þeirra eða sökum þess að skírskotað er til óviðkomandi mála.“

Samkeppnisstofnun telur það að framleiða og birta eftirlíkingu af auglýsingu keppinautar til framdráttar sinni vöru sé ósanngjarnt gagnvart keppinauti og því brot á 21. gr. samkeppnislaga.

Með vísan til alls framangreinds og álits auglýsinganefndar telur Samkeppnisstofnun nauðsynlegt að banna birtingu sjónvarpsauglýsingar Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar á Orku sem er eftirgerð auglýsingar Sólar-Víking á Magic.

IV.
Ákvörðunarorð:

„Samkeppnisráð staðfestir eftirfarandi bráðabirgðaákvörðun Samkeppnisstofnunar nr. 2/1998 frá 1. júlí 1998:

„Með vísan til 20. og 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar Samkeppnisstofnun Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni ehf., Grjóthálsi 7–11, Reykjavík, að birta sjónvarpsauglýsingu þá á Egils Orku sem er eftirgerð sjónvarpsauglýsingar á orkudrykknum Magic. Samkeppnisstofnun telur að hún brjóti í bága við góða viðskiptahætti og sé jafnframt ósanngjörn gagnvart keppinauti.

Bannið tekur gildi þann 2. júlí 1998 kl. 9:00.“

Jafnframt mun samkeppnisráð beita dagsektum skv. 51. gr. samkeppnislaga verði banninu ekki fylgt.“